



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2024

# FORN1FV01

(Fornhleðslur)

Kennari:	<b>Ágústa Erlingsdóttir (umsjón og aðstoð) og Björgvin Örn Eggertsson (umsjón og aðstoð).</b> <b>Guðmundur Heimir Sveinbjörnsson, Kristín Auður Kelddal Elíasdóttir og Guðmundur Arngrímsson</b>
----------	---

## Áfangalýsing:

<b>Lýsing</b> Nemendur kynnst flestu er viðkemur sögu hleðsla og mannvirkjagerðar úr torfi og grjóti á Íslandi. Mest áhersla er á verklega kennslu í áfanganum þar sem hlaðinn er veggur úr grjóti með torfstreng. Einnig eru skornir torfhnausar s.s. klömbruhnaus, kvíahnaus og snidda og sá efniviður notaður í hleðslur.	
<b>Þekkingarviðmið</b> Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>Sögu torfbæja og annarra mannvirkja á Íslandi úr torfi og náttúrugrjóti ýmist saman eða í sitthvoru lagi.</li><li>Hvernig torf er skorið s.s. snidda, klömbruhnaus, kvíahnaus og strengur og hvar gott torf er helst að finna.</li><li>Helstu aðferðum við uppbyggingu veggja úr bæði torfi og náttúrugrjóti.</li><li>Styrkingu veggja úr torfi og náttúrugrjóti.</li><li>Hvernig hús úr torfi og náttúrugrjóti eru byggð.</li><li>Hvernig torfþök eru útbúin.</li></ul>	<b>Hæfniviðmið</b> Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"><li>Vinna að hleðslu úr torfi s.s. sniddu, klömbruhnaus, kvíahnaus og streng undir verkstjórn sem metið er með verklagi, vinnuframlagi og frágang.</li><li>Meta út frá nýtingu hráefnis hvernig best er að skera torfhnausa, svo sem sniddu, kvíahnaus og klömbruhnaus sem metið er með verklagi og frágangi.</li><li>Taka þátt í gerð einfaldrar hleðslu úr bæði torfi og grjóti með bakfyllingu sem metið er með verklagi, samskiptahæfni og frágangi.</li><li>Taka þátt í gerð einfaldrar lágrar hleðslu úr sniddu sem metið er með verklagi og frágang.</li></ul>
<b>Leikniviðmið</b> Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"><li>Tala og skrifa almennt um hvernig hleðslur úr bæði torfi og grjóti eru byggðar upp.</li><li>Skera torf s.s. sniddu, klömbruhnaus og kvíahnaus.</li><li>Hlaða einfalda veggj úr bæði torfi og náttúrugrjóti með bakfyllingu.</li><li>Hlaða einfalda lága veggj úr sniddu.</li></ul>	

**Námsáætlun er lögð fram með fyrirvara um breytingar.**

<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni og viðfangsefni</b>	<b>Tími</b>
6. maí	Verkleg kennsla á Reykjum. Mætið í vinnufötum og með vinnuhanska.	09:00-15:45
7. maí	Verkleg kennsla á Reykjum. Mætið í vinnufötum og með vinnuhanska.	09:00-15:45
8. maí	Verkleg kennsla á Reykjum. Mætið í vinnufötum og með vinnuhanska.	09:00-15:45

**Sérreglur áfangans:**

Til þess að standast áfangann þarf að mæta alla þrjá verklegu dagana á Reykjum.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Reykir, 24.janúar 2024.

Ágústa Erlingsdóttir